



FAS25010016

Greinargerð fagsviðs og sjóðs A-hluta


Við framlagningu ársreiknings Reykjavíkurborgar 2024
Lagt fram í borgarráði 10. Apríl 2025



Reykjavík

1. Aðalsjóður	2
1.1 Menningar- og íþróttasvið	5
1.2 Skóla- og frístundasvið	7
1.3 Umhverfis- og skipulagssvið	14
1.4 Velferðarsvið	17
1.4.1 Velferðarsvið – bundnir liðir	20
1.5 Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu	22
1.6 Sameiginlegur kostnaður	23
1.7 Fjármála- og áhættustýringarsvið	25
1.8 Mannauðs- og starfsþróunarsvið	26
1.9 Þjónustu- og nýsköpunarsvið	27
1.10 Framlög til B-hluta fyrirtækja	29
2. Eignasjóður	30
2.1 Eignaskrifstofa (ESR)	34
2.2 Skrifstofa miðlægrar stjórnsýslu (RHSES)	35
2.3 Umhverfis- og skipulagssvið (ES)	36
3. Greining vöru- og þjónustuinnskaupa A-hluti	37
4. Innheimtuárangur	39


1. Aðalsjóður



Rekstur Aðalsjóðs (í m.kr.)	Raun 2024_12	Áætlun	Frávik	%	Raun 2023_12	Breyting	%
Staðgreiðsla	131.896	131.882	13	0,0%	121.172	10.724	8,9%
Hlutdeild Jöfnunarsjóðs í staðgr.	-19.472	-19.470	-2	0,0%	-16.277	-3.195	19,6%
Eftirá álagt útsvar, skattbr., niðurfærslur og afskrift skatttekna	2.866	4.320	-1.454	-33,7%	3.023	-156	-5,2%
Nettó útsvar	115.290	116.733	-1.443	-1,2%	107.918	7.373	6,8%
Fasteignaskattar	32.178	32.165	13	0,04%	29.947	2.230	7,4%
Skatttekjur samtals	147.468	148.897	-1.429	-1,0%	137.865	9.603	7,0%
Endurgeiðslur annarra:							
Gr. frá ríkissjóði v. heimahjúkrunar	2.645	2.703	-58	-2,1%	2.542	103	4,1%
Gr. frá ríkissjóði v. framfærslustyrks erl. ríkisb.	1.487	1.202	285	23,7%	1.894	-407	-21,5%
Gr. frá ríkissjóði v. þjónustu við hælisleitendur	890	956	-66	-6,9%	1.086	-197	-18,1%
Gr. frá ríkissjóði v. móttöku flóttafólks	492	449	43	9,6%	265	227	85,9%
Gr. v. Klettaskóla og frístundar Klettaskóla	1.276	1.025	251	24,4%	1.102	173	15,7%
Uppgjör sveitarfélaga vegna skólaakostn.	368	135	233	172,7%	333	35	10,4%
NPA - Notendastýrð persónuleg aðstoð	560	577	-17	-3,0%	407	153	37,7%
Barnaverndarnefnd - úrræði	186	0	186	n/a	230	-44	-19,2%
Gr. sveitarf. v. rekstur skíðasvæða höfuðb.sv.	323	323	0	0,0%	274	49	18,1%
Aðrar greiðslur frá ríki og sveitarfélögum	1.589	592	997	168,5%	1.110	479	43,2%
Ýmsir styrkir	567	251	316	125,9%	533	34	6,4%
Endurgeiðslur annarra samtals:	10.382	8.212	2.169	26,4%	9.776	606	6,2%
Framlög Jöfnunarsjóðs	16.933	15.845	1.088	6,9%	13.383	3.550	26,5%
Þjónustutekjur	13.834	12.774	1.060	8,3%	13.136	698	5,3%
Eignatekjur	2.996	2.625	370	14,1%	807	2.189	271,3%
Aðrar tekjur	2.357	1.705	652	38,2%	3.459	-1.102	-31,9%
Rekstrartekjur samtals	193.969	190.059	3.910	2,1%	178.425	15.544	8,7%
Laun og launatengd gjöld	-102.448	-102.710	262	-0,3%	-96.251	-6.197	6,4%
Hækkun lífeyrisskuldbindinga	847	-2.100	2.947	-140,3%	-3.760	4.606	-122,5%
Launakostnaður samtals	-101.601	-104.810	3.208	-3,1%	-100.010	-1.591	1,6%
Annar rekstrarkostnaður	-104.880	-100.267	-4.613	4,6%	-94.754	-10.126	10,7%
Rekstrargjöld samtals	-206.481	-205.077	-1.405	0,7%	-194.764	-11.717	6,0%
Fjármagnsliðir og hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélag	6.891	6.575	316	4,8%	8.298	-1.407	-17,0%
EBITDA	-12.512	-15.017	2.505	-16,7%	-16.339	3.827	-23,4%
Rekstrarniðurstaða	-5.621	-8.442	2.821	-33,4%	-8.041	2.420	-30,1%

Rekstrarniðurstaða Aðalsjóðs var neikvæð um 5.621 m.kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að niðurstaðan yrði neikvæð um 8.442 m.kr. og var niðurstaðan því um 2,8 ma.kr. betri en áætlun gerði ráð fyrir.

Rekstrartekjur Staðgreiðsla var nánast á pari eða um 13 m.kr. yfir áætlun. **Eftirá álagt útsvar, skattbreytingar og niðurfærslur skatttekna** voru 1.454 m.kr. undir áætlun. **Endurgreiðslur annarra** voru 2.169 m.kr. yfir áætlun eða 26,4% einkum frá ríki og öðrum sveitarfélögum. **Framlög Jöfnunarsjóðs** voru 1.088 m.kr. yfir áætlun eða 6,9% **Þjónustutekjur** voru 1.060 m.kr. yfir áætlun eða 8,3%. **Eignatekjur** voru 370 m.kr. yfir áætlun. **Aðrar tekjur** voru 652 m.kr. yfir áætlun.



Rekstrargjöld voru 209.428 m.kr. eða 4.351 m.kr. umfram fjárheimildir. **Launakostnaður** var 102.448 m.kr. eða 262 m.kr. innan fjárheimilda. Mest frávik voru á skóla- og frístundasviði þar sem launakostnaður var 1.857 m.kr. umfram fjárheimildir og á velferðarsviði án bundinna liða þar sem hann var 1.003 m.kr. umfram fjárheimildir. **Breyting lífeyrisskuldbindinga** var 847 m.kr. tekjufærsla en í áætlun var gert ráð fyrir 2,1 ma.kr. gjaldfærslu. Góð ávöxtun var af eignum *Lífeyrissjóðs Brúar R-deildar* (áður LsRb) sem leiddi til að tryggingarfræðileg skuldbinding lækkaði um 2,3 ma.kr. Í desember voru undirritaðir nýir kjarasamningar sem hafa veruleg áhrif á lífeyrisskuldbindinguna en voru fyrir utan tryggingarfræðilega matið þar sem það miðast við vísitölu lífeyrisskuldbindinga opinberra starfsmanna frá 1. desember 2023 - 30. nóvember 2024. Þar sem þessar launahækkanir tilheyrðu árinu 2024 og hafa varanleg áhrif á lífeyrisskuldbindinguna voru áhrifin metin og gerð varúðargjaldfærsla upp á 1,2 ma.kr. Engu að síður er um 1,1 ma.kr. lækkun á lífeyrisskuldbindingunni að ræða (tekjufærsla). Gjaldfærsla vegna *Lífeyrissjóðs Brúar A-deildar* (+60 ára) nam 209 m.kr.¹ **Annar rekstrarkostnaður** var 104.880 m.kr. sem var 4.613 m.kr. eða 4,6% umfram fjárheimildir². Hjá skóla- og frístundasviði var hráefniskostnaður í mótuneyti grunn- og leikskóla 458 m.kr. umfram fjárheimildir. Hjá velferðarsviði voru vistgreiðslur barna 1.262 m.kr. umfram fjárheimildir og búsetuþjónusta fyrir fatlað fólk var 306 m.kr. umfram fjárheimildir. Rekstur og umhirða borgarlandsins var 1.346 m.kr. umfram fjárheimildir aðallega vegna vetrarþjónustu sem var 1.130 m.kr. umfram fjárheimildir.

Nettó fjármunatekjur voru 6.891 m.kr. eða 316 m.kr. yfir áætlun. Þar af voru vaxtatekjur og verðbætur 454 m.kr. yfir áætlun ásamt vaxtagjöldum og verðbótum sem voru 23 m.kr. yfir fjárheimildum. Fjármagnstekjuskattur var 96 m.kr. yfir áætlun. Tekjur af ábyrgðargjaldi voru 65 m.kr. yfir áætlun.


¹ Nánari umfjöllun um lífeyrisskuldbindingu er að finna í viðauka 5 í skýrslu fjármála- og áhættustýringarsviðs með ársreikningi Reykjavíkurborgar 2024.

² Sjá nánar umfjöllun á hverju sviði fyrir sig.

Efnahagur


Efnahagur Aðalsjóðs (m.kr.)	31.12.2024	31.12.2023	Breyting	%
Langtímakröfur og eignahlutir í félögum	18.192	19.664	-1.473	-7,5%
Fyrirframgr. til Brúar Isj. (langtíma krafa)	7.707	8.093	-385	-4,8%
Veltufjármunir án handb.fjár	23.228	22.849	379	1,7%
Handbært fé	12.151	11.465	686	6,0%
Eignir samtals	61.278	62.071	-793	-1,3%
Eigið fé	-28.516	-22.895	-5.621	24,6%
Lífeyrisskuldbinding LsRb	36.160	38.745	-2.585	-6,7%
Langtímalán	5.466	5.383	83	1,5%
Næsta árs afborganir langtímalána og lífeyrisskuldbindingar	2.132	2.052	80	3,9%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb.	46.036	38.786	7.250	18,7%
Skuldir samtals	89.794	84.966	4.828	5,7%
Skuldir og eigið fé samtals	61.278	62.071	-793	-1,3%

Sjóðstreymi



Handbært fé frá áramótum til ársloka hækkaði um 686 m.kr. Veltufé frá rekstri var neikvætt um 6.112 m.kr. og breyting á viðskiptastöðu milli Aðalsjóðs og Eignasjóðs var 6.068 m.kr.


1.1 Menningar- og íþróttasvið ³



Rekstur MÍR (m.kr.)	Raun 2024	Áætlun 2024	Frávik	%
Tekjur	3.098	2.599	499	19,2%
Laun og launat. gj.	6.066	6.035	31	0,5%
Annar rekstrark.	16.898	16.436	462	2,8%
Nettó útgjöld	19.865	19.872	-7	0,0%

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri menningar- og íþróttasviðs fyrir árið 2024 í samanburði við fjárheimildir ársins. Prósentuhlutföll lýsa frávikni raunniðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Nettó útgjöld sviðsins voru **19.865 m.kr.** sem var 7 m.kr. innan fjárheimilda.



Í meðfylgjandi töflu er fylgt framsetningu í samþykktari fjárhagsáætlun sviðsins og sýndar fjárhæðir fyrir niðurstöðu ársins, upprunaleg áætlun, endurskoðuð áætlun og gerður samanburður við niðurstöður ársins 2023

Menningar- og íþróttasvið	Eining	Raun 2024	Upprunaleg áætlun 2024	Esk áætlun 2024	Mismunur á raun og esk áætlun	%	Raun 2023	Mism. milli ára	%
Yfirstjórn MÍR	MIR100	424	416	437	-13	-3,1%	412	11	2,7%
Söfn	MIR200	2.940	2.844	2.916	25	0,8%	2.735	205	7,5%
Menningarborg	MIR300	3.351	3.314	3.354	-3	-0,1%	3.127	224	7,2%
Íþróttaborg	MIR400	8.583	8.420	8.537	46	0,5%	7.386	1.197	16,2%
Útilífsborg	MIR500	772	727	774	-3	-0,3%	699	73	10,4%
Sundlaugar	MIR600	2.808	2.699	2.808	1	0,0%	2.612	196	7,5%
Skíðasvæði	MIR700	0	0	10	-10	-100,0%	0	0	-100,6%
Hitt húsið	MIR800	748	759	781	-33	-4,2%	708	40	5,6%
Kynningarmál, sérverkefni og annað	MIR900	240	250	255	-16	-6,1%	170	69	40,6%
Menningar- og íþróttasvið	MIR	19.865	19.430	19.872	-7	0,0%	17.850	2.015	11,3%

Þjónustupættir MÍR

Málaflokkar MÍR (m.kr.)	Tekjur	Áætlun 2024	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2024	Frávik	Annar kostnaður	Áætlun 2024	Frávik	Nettó útgjöld	Áætlun 2024	Frávik tímabils	%
Yfirstjórn MÍR	-1	0	-1	338	357	-19	84	80	4	424	437	-13	-3,1%
Söfn	540	466	74	1.808	1.782	26	1.672	1.599	73	2.940	2.916	25	0,8%
Menningarborg	12	3	10	53	46	7	3.310	3.310	0	3.351	3.354	-3	-0,1%
Íþróttaborg	147	68	80	68	82	-14	8.662	8.523	139	8.583	8.537	46	0,5%
Útilífsborg	324	300	24	594	620	-26	502	455	47	772	774	-3	-0,3%
Sundlaugar	1.385	1.196	188	2.178	2.116	62	2.015	1.888	127	2.808	2.808	1	0,0%
Skíðasvæði	650	522	128	348	343	5	302	189	113	0	10	-10	-
Hitt húsið	29	30	0	602	644	-42	175	166	9	748	781	-33	-4,2%
Kynningarmál, sérverkefni og annað	11	14	-3	75	44	31	175	225	-50	240	255	-15	-6,1%
Samtals	3.098	2.599	499	6.066	6.035	31	16.898	16.436	462	19.865	19.872	-7	0,0%

³ Samanburðartölum ársins 2023 hefur verið breytt til samræmis við gildandi skipulag 2024 hjá öllum sviðum. Mestu áhrifin eru á MÍR, SFS, FAS og MOS

Yfirstjórn: Var 13 m.kr. innan fjárheimilda, þar af voru laun 19 m.kr. innan fjárheimilda og annar rekstrarkostnaður 4 m.kr. umfram fjárheimildir. Frávik skýrist m.a. vegna þess að ekki hefur verið ráðið inn í eina stöðu á skrifstofunni.

Söfn: Voru samtals 25 m.kr. eða 0,8% umfram fjárheimildir. Tekjur voru 74 m.kr. umfram áætlun en annar rekstrarkostnaður var 73 m.kr. umfram fjárheimildir. Laun voru 26 m.kr. umfram fjárheimildir. Borgarbókasafnið var 9 m.kr. innan fjárheimilda og Listasafn Reykjavíkur um 11 m.kr. umfram fjárheimildir. Borgarsögusafnið var 23 m.kr. umfram fjárheimildir, þar af fór kostnaður vegna viðhalds safnmuna rúmlega 17 m.kr. umfram fjárheimilda, á Árbæjarsafni eru hús skilgreind sem safnmunir og nauðsynlegt var að fara í viðhald á þeim til að forða þeim frá skemmdum.

Íþróttaborg: Var 46 m.kr. eða um 0,5% umfram fjárheimildir. Rekstur á gervigrasvöllum og grasvöllum var 70 m.kr. umfram fjárheimildir, mikill annar rekstrarkostnaður er á þessum liðum og telur þar að annar rekstrarkostnaður hefur ekki verið bættur nema að litlu leyti síðustu ár.

Útilífsborg: Var 3 m.kr. undir áætlun eða 0,3%.


Sundlaugar: Voru á pari við áætlun. Þá voru tekjur voru 188 m.kr. yfir áætlun, launakostnaður var 62 m.kr. yfir áætlun og annar rekstrarkostnaður var 127 m.kr. yfir áætlun.

Skíðasvæði: Rekstur skíðasvæðanna var jákvæður um 10 m.kr. árið 2024, en skíðasvæðin eru undir rekstri í uppgjöri MÍR. Rekstrarafgangur að fjárhæð 54 m.kr. var fluttur á milli ára 2024 og 2025. Þá var rekstrarafgangur ársins 2023, 21 m.kr., fluttur yfir á árið 2024. Skálafell var lokað árið 2024. Tekjur voru 128 m.kr. yfir áætlun þar sem aðsóknin var mjög góð á árinu 2024. Laun og launatengd gjöld voru 5 m.kr. umfram fjárheimildir. Annar rekstrarkostnaður var 113 m.kr. umfram fjárheimildir.

Hitt húsið: Var 33 m.kr. innan fjárheimilda. Þar af var frístund fatlaðra 30 m.kr. innan fjárheimilda, þar af voru laun og launatengd gjöld voru 25 m.kr. innan fjárheimilda sem skýrist af því að minni þátttaka var í starfinu en áætlun gerði ráð fyrir og ekki náðist að ráða í allar stöður. Starfið er krefjandi og ráðið er fólk í 55% starfshlutfall.

Kynningarmál, sérverkefni og annað: Voru 15 m.kr. innan fjárheimilda. Launakostnaður var 31 m.kr. umfram fjárheimildir og annar rekstrarkostnaður var 50 m.kr. innan fjárheimilda.

1.2 Skóla- og frístundasvið



Rekstur SFS (m.kr.)	Raun 2024	Áætlun 2024	Frávik	%
Tekjur	5.977	4.876	1.102	22,6%
Laun og launat. gj.	54.326	52.470	1.857	3,5%
Annar rekstark.	31.649	29.912	1.737	5,8%
Nettó útgjöld	79.998	77.506	2.492	3,2%

umfram áætlun vegna þjónustu við önnur sveitarfélög 622 m.kr. Þessi aukna þjónusta kemur fram í viðbótar launakostnaði sviðsins.

Laun voru 3,5% umfram áætlun sem kemur til vegna meiri afleysinga vegna veikinda, aukins stuðnings og móttöku hælisleitenda og aukinnar þjónustu við önnur sveitarfélög.

Til að takast á við rekstrarhalla SFS þá hafa verið haldnir reglulegir fundir með stjórnendum starfsstaða þar sem farið er yfir stöðuna og ákveðið til hvaða aðgerða er nauðsynlegt að grípa svo koma megi rekstrinum í rétt horf.

Mikið aðhald er í starfsmannahaldi þar sem allar ráðningar starfsmanna fara nú fyrir ráðninganefnd þar sem færa þarf rök fyrir hverri ráðningu. Leikskólar borgarinnar hafa nær allir verið í halla þar sem fjárheimildir þeirra hafa ekki verið í samræmi við fjárþörf. Unnið hefur verið að nýju rekstrarlíkani á síðustu misserum til að fjárheimildir þeirra verði betur í takt við raunverulega þörf. Nýtt rekstrarlíkan fyrir leikskóla var tilbúið í lok árs 2024, fjárheimildir voru tiltækar en ekki var formleg afgreiðsla á fjárheimildum til SFS að fjárhæð 1.970 milljónir eins og til stóð.


Á haustönn 2024 var byrjað að veita skólabörnum í grunnskólum gjaldfrjálsar skólamáltíðir, á haustönn voru gerðar breytingar á áætlun í samræmi við þau áhrif sem koma fram hjá grunnskólum borgarinnar.

SFS - sviðshlutar	Tekjur			Laun			Annar kostnaður			Samtals			%	
	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)		
Grunnskólar	2.924	1.991	933	29.855	29.423	432	18.065	16.911	1.155	44.996	44.343	654	1,5%	Halli
Leikskólar	1.954	1.860	95	17.983	16.000	1.983	10.255	9.898	356	26.283	24.038	2.245	9,3%	Halli
Frístundastarf	1.003	958	45	4.778	5.284	-507	1.042	854	187	4.817	5.181	-364	-7,0%	Afgangur
Skrifstofur SFS	67	42	25	1.283	1.332	-49	432	383	49	1.648	1.673	-25	-1,5%	Afgangur
Listaskólar ofl.	30	26	3	427	431	-4	1.856	1.866	-10	2.254	2.270	-16	-0,7%	Afgangur
Samtals	5.977	4.876	1.102	54.326	52.470	1.857	31.649	29.912	1.737	79.998	77.506	2.492	3,2%	Halli

Þegar horft er á rekstur SFS eftir sviðshlutum sést að halli var upp á samtals 2.492 m.kr., halli á rekstri grunn- og leikskóla var 2.898 m.kr. en rekstur annarra liða var samtals 406 m.kr. innan fjárheimilda.

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri skóla- og frístundasviðs fyrir árið 2024 í samanburði við fjárheimildir ársins. Prósentuhlutföll lýsa fráviki raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar fjárhæðir eru í milljónum króna.

Nettó útgjöld sviðsins voru 79.998 m.kr. sem var 2.492 m.kr. umfram fjárheimildir eða 3,2% en til samanburðar var halli sviðsins 3.500 m.kr. árið 2023 eða 4,9% skv. ársuppgjöri 2023. Þetta eru greinileg jákvæð teikn í rekstri sviðsins og áfram verður lögð áhersla á aðhald í rekstri og að stöðugildafjöldi á starfsstöðum sé í samræmi við þau líkön sem notuð eru til úthlutunar fjárheimilda.



Tekjur voru 22,6% umfram áætlun sem er m.a. vegna styrkja og tekna vegna hælisleitenda samtals 477 m.kr. og tekjum

Í meðfylgjandi töflu er fylgt framsetningu í samþykktri fjárhagsáætlun sviðsins og sýndar fjárhæðir fyrir niðurstöðu ársins, upprunaleg áætlun, endurskoðuð áætlun og gerður samanburður við niðurstöður ársins 2023.

Skóla- og frístundasvið	Raun 2024	Upprunal. áætlun 2024	Esk. áætlun 2024	Munur á raun og esk áætlun	%	Raun 2023	Breyting milli ára	%
Grunnskólar	44.996	41.927	44.343	654	1,6%	41.511	3.485	8,4%
Leikskólar og dagforeldrar	26.283	22.717	24.038	2.245	9,9%	24.446	1.837	7,5%
Frístundastarf	4.817	5.126	5.181	-364	-7,1%	4.641	176	3,8%
Skrifstofur SFS	1.648	1.599	1.673	-25	-1,6%	1.535	113	7,4%
Listaskólar og námsflokkar	2.254	2.043	2.270	-16	-0,8%	2.076	178	8,6%
Skóla- og frístundasvið	79.998	73.411	77.506	2.492	3,2%	74.208	5.790	7,8%

Grunnskólahluti

Grunnskólar	Tekjur			Laun			Annar kostnaður			Samtals				Frávík %	Halli
	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávík (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávík (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávík (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávík (m.kr.)	Frávík %		
Grunnskólar samreknir	299	242	56	4.434	4.326	108	2.315	2.230	85	6.450	6.314	137	2,2%	Halli	
Grunnskólar	1.191	687	505	22.450	22.805	-355	11.053	10.568	485	32.312	32.686	-374	-1,1%	Afgangur	
Sérskólar	985	817	168	2.273	1.984	289	795	732	63	2.083	1.899	184	9,7%	Halli	
Samtals borgarreknir:	2.475	1.746	729	29.157	29.115	42	14.163	13.531	632	40.845	40.899	-54	-0,1%	Afgangur	
Miðlægt og endurúthlutun	450	245	205	623	308	315	1.719	1.309	410	1.892	1.372	520	37,9%	Halli	
Óreglulegir liðir grunnskóla				75		75	105		105	181		181	100,0%	Halli	
Einkaskólar							2.078	2.071	7	2.078	2.071	7	0,3%	Halli	
Samtals borgar. og einkar	2.924	1.991	933	29.855	29.423	432	18.065	16.911	1.155	44.996	44.343	654	1,5%	Halli	



Grunnskólar borgarinnar

Grunnskólar borgarinnar og samreknir skólar voru innan fjárheimilda að fjárhæð 238 m.kr. eða 0,6%. Í heild er rekstur almennra grunnskóla í jafnvægi en það eru þó skólar sem eru í verulegum halla. Hluti samrekinna skóla er í verulegum halla. Sérskólar voru í halla að fjárhæð 184 m.kr. eða 9,7%

Pungt vegur halli þeirra skóla sem standa í framkvæmdum vegna viðhalds og endurbóta en það hefur raskað skólastarfi töluvert og valdið auknum launakostnaði vegna þess óhagræðis sem fylgir fleiri starfsstöðvum. Fleiri starfsstöðvar skólanna leiða auk þess til hækkunar á rekstrarliðum s.s. skólaakstri og mótuneytiskostnaði.

Launaliður borgarrekinna grunnskóla var með halla upp á 355 m.kr. en hluti af viðbótarlaunakostnaði skýrist af auknum kostnaði í tengslum við móttöku flóttamanna. Á móti koma sértekjur til að mæta launa- og rekstrarkostnaði að fjárhæð 385 m.kr. skv. samningi Reykjavíkurborgar og Vinnumálastofnunar vegna hælisleitenda og samninga milli Reykjavíkurborgar og ríkis.

Afleysing vegna langtímaveikinda í grunnskólum og sérskólum voru um 313 m.kr. Skammtímaveikindi starfsmanna kalla á afleysingu til að geta haldið uppi lögbundnu skólastarfi og hefur sá kostnaður verið langt umfram þau 3,5% sem gert er ráð fyrir í fjárheimildum. Langtímaveikindi eru einungis reiknuð á KÍ starfsmenn en ekki aðra starfsmenn. Heildarveikindahlutfall hjá grunnskólum var um 7,4% árið 2024, sem skiptist á milli langtímaveikinda 2,6% og skammtímaveikinda 4,8%.



Annar rekstrarkostnaður grunnskóla	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik	%
Rekstrarkostnaður, án aðkomu stjórnenda				
Innri leiga húsnæðis	9.675	9.625	50	0,5%
Rafmagn, hiti og vatn	438	394	44	11,2%
Aðkeypt ræsting, sorphirða og öryggisgæsla	421	340	81	23,9%
Einkareknir skólar	2.078	2.071	7	0,3%
Skólakostnaður greiddur til annarra sveitarfélaga	616	250	366	146,6%
Samtals rekstrarkostnaður, án aðkomu stjórnenda	13.228	12.679	549	4,3%
Rekstrarkostnaður, aðkoma stjórnenda				
Hráefni í mótuneyti	1.431	1.160	272	23,4%
Kennsluefni	230	222	8	3,5%
Skólaakstur, akstur fatlaðra og sundakstur	759	619	140	22,7%
Viðhald og endurnýjun áhalda og eigna	523	455	68	14,9%
Húsaleiga	390	306	84	27,6%
Aðkeypt vinna	216	120	97	80,9%
Innri leiga búnaðar	841	776	64	8,3%
Annar ýmiss kostnaður ósundurliðaður	447	574	-127	-22,1%
Samtals rekstrarkostnaður, aðkoma stjórnenda	4.838	4.232	606	14,3%
Samtals annar rekstrarkostnaður	18.065	16.911	1.155	6,8%

Öðrum rekstrarkostnaði grunnskóla er skipt upp í tvo megin hluta. Kostnað sem stjórnendur hafa ekki aðkomu að og kostnað sem stjórnendur geta haft áhrif á í daglegum rekstri.

Í þeim hluta annars rekstrarkostnaðar, sem stjórnendur hafa áhrif á, eru þrír liðir sem vega þýngst en það eru hráefniskostnaður í mótuneytum, skólaakstur og aðkeypt vinna. Hráefni í mótuneytum hefur tekið miklum hækkunum vegna áhrifa verðbólgu, skólaakstur hefur aukist vegna gjaldskrárhækkana og aukinna innvistarverkefna og aðkeypt vinna hefur hækkað vegna aukinnar túlkajónustu vegna móttöku flóttamanna. Aðrir rekstrarliðir hafa einnig hækkað umfram áætlun þar sem verðbólguáhrif eru meiri en forsendur fjárhagsáætlunar gerðu ráð fyrir.

Óreglulegir liðir í rekstri grunnskóla (óhagstæð ytri skilyrði og innvistarvandi) hafa verið færðir sérstaklega og námu um 181 m.kr. en þetta er kostnaður sem fallið hefur til vegna framkvæmda. Ekki er gert ráð fyrir þessum kostnaði í líkönum og er því ekki almennur kostnaður við skólastarf.

Sérskólar:

Klettaskóli er sérskóli á grunnskólastigi sem þjónar öllu landinu. Á tímabilinu var halli á rekstri skólans um 234 m.kr. Skólagöngu nemenda sem búsettir eru utan Reykjavíkur fjármagna heimasveitarfélög nemendanna. Rekstur skólans hefur verið í miklum halla síðustu ár þar sem þjónustubýngd barna hefur aukist mikið. Afleysingar vegna veikinda vega þungt í rekstri skólans en veikindahlutfall var um 9,1%. Um 45% nemenda í Klettaskóla eru börn úr öðrum sveitarfélögum og er greiðslubátttaka sveitarfélaganna byggð á raunkostnaði.

Brúarskóli er tímabundið skólaúrræði með það markmið að efla nemendur og styðja við þá svo þeir verði hæfari til að stunda nám í almennum grunnskóla. Rekstur skólans var undir áætlun að fjárhæð 50 m.kr.

Arnarskóli er sjálfstætt starfandi sérskóli þar hefur borgin verið með 13 börn. Greiðslur til skólans voru um 13,9 m.kr. umfram fjárheimildir vegna hækkunar á vistunargjöldum.



Yfirlit yfir rekstrarniðurstöðu grunnskóla borgarinnar: Tölfunni er raðað þannig að sá skóli sem er í mestum % halla 2024 er efstur en sá skóli sem er með mestan afgang er neðstur.

Borgarreknir grunnskólar (m.kr.)														Árið 2023 til samanburðar	
Stofnun	Tekjur raun	Tekjur áætlun	Tekjur frávik	Laun raun	Laun áætlun	Laun frávik	Kostnaður raun	Kostnaður áætlun	Kostnaður frávik	Samtals rekstur	Samtals áætlun	Samtals frávik	Frávik %	Samtals frávik	Frávik %
Samreknir skólar															
Dalskóli	90	99	8	1.421	1.285	136	875	867	8	2.205	2.053	152	7,4%	95	4,9%
Ártúnsskóli	46	39	-7	531	497	33	205	187	18	689	646	44	6,8%	61	10,3%
Norðlingaskóli	72	64	-8	1.029	1.055	-25	624	592	32	1.581	1.582	-2	-0,1%	73	5,3%
Klébergsskóli	48	22	-25	496	502	-6	228	216	12	677	696	-19	-2,8%	-43	-6,4%
Fellaskóli	42	19	-24	957	986	-29	384	369	15	1.298	1.337	-38	-2,9%	-1	-0,1%
Samreknir samtals	299	242	-56	4.434	4.326	108	2.315	2.230	85	6.450	6.314	137	2,2%	185	3,2%
Grunnskólar															
Foldaskóli	33	25	-8	906	894	12	397	366	32	1.271	1.235	36	2,9%	58	5,1%
Seláskóli	13	11	-2	381	371	9	250	243	6	617	604	13	2,1%	27	4,9%
Hlíðaskóli	78	30	-48	1.152	1.146	6	497	432	65	1.571	1.548	23	1,5%	55	4,0%
Fossvogsskóli	20	18	-2	578	591	-13	346	319	27	904	892	12	1,3%	45	5,9%
Breiðholtsskóli	28	17	-10	845	823	22	399	397	2	1.216	1.203	14	1,1%	23	2,1%
Vesturbæjarskóli	18	17	-2	534	542	-7	380	362	18	896	887	9	1,0%	25	3,3%
Melaskóli	37	33	-4	814	811	3	323	312	11	1.100	1.091	9	0,9%	33	3,3%
Grandaskóli	24	22	-1	576	570	5	278	277	1	830	825	5	0,6%	22	2,9%
Engjaskóli	22	14	-8	464	452	12	270	274	-5	712	712	0	-0,1%	23	3,7%
Laugarnesskóli	35	32	-3	883	906	-23	406	382	24	1.254	1.256	-2	-0,1%	48	4,4%
Austurbæjarskóli	35	23	-12	748	727	21	357	368	-11	1.070	1.072	-2	-0,1%	-12	-1,2%
Laugalækjarskóli	18	18	-1	610	659	-49	336	288	48	927	929	-2	-0,3%	23	2,7%
Húsaskóli	15	10	-5	326	325	1	235	233	2	546	548	-2	-0,3%	1	0,1%
Ingunnarskóli	40	20	-19	645	646	-1	329	313	16	934	939	-4	-0,4%	68	8,1%
Hagaskóli	37	23	-13	835	866	-31	397	364	33	1.196	1.206	-10	-0,9%	28	2,6%
Seljaskóli	147	33	-114	1.148	1.074	74	389	363	26	1.390	1.404	-14	-1,0%	-15	-1,2%
Háteigisskóli	36	28	-8	805	825	-20	292	277	15	1.061	1.074	-13	-1,2%	3	0,3%
Breiðagerðisskóli	35	20	-15	618	636	-17	336	316	20	920	931	-12	-1,3%	6	0,7%
Vogaskóli	44	18	-26	785	797	-12	389	366	23	1.130	1.145	-15	-1,3%	-2	-0,2%
Rimaskóli	33	24	-9	885	905	-20	402	394	8	1.255	1.275	-20	-1,6%	9	0,8%
Hólabrekkuskóli	33	23	-11	824	864	-39	421	393	27	1.212	1.235	-22	-1,8%	-4	-0,3%
Borgaskóli	16	14	-2	448	447	2	259	272	-13	691	705	-13	-1,9%	3	0,4%
Ölduselsskóli	30	27	-3	826	843	-16	447	456	-9	1.243	1.272	-29	-2,2%	12	1,0%
Sæmundarskóli	27	24	-3	713	748	-35	452	446	7	1.138	1.169	-31	-2,7%	17	1,6%
Álftamýrarskóli	80	19	-60	733	726	7	335	310	25	989	1.017	-28	-2,7%	-31	-3,4%
Víkurskóli	24	11	-13	403	442	-38	255	224	32	634	654	-19	-3,0%	0	0,1%
Árbæjarskóli	50	33	-17	1.068	1.123	-55	492	476	16	1.510	1.566	-56	-3,6%	32	2,3%
Réttarholtsskóli	26	20	-6	737	794	-57	333	311	22	1.045	1.085	-40	-3,7%	0	0,0%
Langholtsskóli	43	37	-6	1.122	1.190	-67	511	515	-4	1.590	1.668	-78	-4,7%	-39	-2,5%
Hamraskóli	41	12	-29	505	513	-8	272	274	-2	736	775	-39	-5,1%	-24	-3,6%
Hvassaleitisskóli	73	31	-43	529	549	-19	265	245	20	721	763	-42	-5,5%	22	3,6%
Grunnskólar samtals	1.191	687	-505	22.450	22.805	-355	11.053	10.568	485	32.312	32.686	-374	-1,1%	456	1,6%
Sérskólar															
Klettaskóli	983	815	-168	1.794	1.440	354	657	610	48	1.468	1.235	234	18,9%	246	21,8%
Brúarskóli	1	1	0	479	544	-65	137	122	15	615	665	-50	-7,5%	22	3,4%
Sérskólar samtals	985	817	-168	2.273	1.984	289	795	732	63	2.083	1.899	184	9,7%	267	15,2%
Samtals	2.475	1.746	-729	29.157	29.115	42	14.163	13.531	632	40.845	40.899	-54	-0,1%	907	2,5%

Leikskólahluti

Leikskólar	Tekjur			Laun			Annar kostnaður			Samtals			Frávík %	
	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávík (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávík (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávík (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávík (m.kr.)		
Leikskólar	1.707	1.727	-20	17.546	15.517	2.029	5.239	5.057	181	21.078	18.847	2.230	11,8%	Halli
Óreglulegir liðir leikskóla	-6		-6	17		17	26		26	49		49	100%	Halli
Miðlægt og endurúthlutun	248	132	115	437	483	-46	328	109	219	517	459	58	12,7%	Halli
Samtals borgarrekniir	1.954	1.860	95	17.983	16.000	1.983	5.566	5.166	400	21.595	19.307	2.288	11,9%	Halli
Einkaskólar							4.213	4.201	13	4.213	4.201	13	0,3%	Halli
Dagforeldrar							475	531	-57	475	531	-57	-10,6%	Afgangur
Samtals einkaskólar og dagf.							4.688	4.732	-44	4.688	4.732	-44	-0,9%	Afgangur
Samtals	1.954	1.860	95	17.983	16.000	1.983	10.255	9.898	356	26.283	24.038	2.245	9,3%	Halli

Rekstrarniðurstaða leikskóla borgarinnar eins og hún birtist í uppgjöri sýnir hallarekstur sem nemur 11,9% að fjárhæð 2.288 m.kr. á árinu. Næstum allir leikskólar voru með halla. Til að ná betur utan um rekstur leikskólanna hefur verið unnið að nýju leikskólalíkani sem lauk í lok árs 2024 og verður formlega tekið í notkun í ársbyrjun 2025. Er vonast til þess að með því fáiast betri sýn á reksturinn og líkanið nái að fanga fjárheimildir til leikskóla. Nokkrir af þessum leikskólum eru nýir og hafa ekki verið með fulla fjármögnun í tengslum við stofnun leikskólanna. Nýjum leikskólum fylgir töluverður stofnkostnaður í búnaði, undirbúningi og þjálfun starfsmanna. Hlutfall mönnunar í nýjum leikskólum er hátt miðað við fjölda barna þar sem öll börn sem koma í leikskólann þarfnast aðlögunar og starfsfólkið þarf að læra á nýtt umhverfi. Afleysing vegna langtíma veikinda hefur farið fram úr fjárheimildum og er umframkeyrslan 251 m.kr. Heildarveikindahlutfall leikskóla er um 9,2%. Að auki hefur aukin stuðningsþörf farið fram úr fjárheimildum sem nemur 685 m.kr. Framkvæmdir vegna viðgerða og viðhalds vegna rakaskemmda hefur haft töluverð áhrif á rekstur leikskóla og valdið ófyrirséðum kostnaði.



Annar rekstrarkostnaður leikskóla	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávík	%
Rekstrarkostnaður, án aðkomu stjórnenda				
Innri leiga húsnæðis	2.667	2.749	-82	-3,0%
Rafmagn, hiti og vatn	122	107	16	14,9%
Aðkeypt ræsting, sorphirða og öryggisgæsla	482	477	5	1,1%
Einkarekniir skólar	4.213	4.201	12	0,3%
Skólakostnaður greiddur til annarra sveitarfélaga	608	486	122	25,2%
Samtals rekstrarkostnaður, án aðkomu stjórnenda	8.092	8.019	73	0,9%
Rekstrarkostnaður, aðkoma stjórnenda				
Hráefni í mótuneyti	1.414	1.227	186	15,2%
Kennsluefni	63	73	-10	-13,5%
Skólaakstur, akstur fatlaðra og sundakstur	6	14	-8	-55,4%
Viðhald og endurnýjun á halda og eigna	169	74	95	127,5%
Húsaleiga	22		22	
Aðkeypt vinna	48	15	33	224,7%
Innri leiga búnaðar	258	248	10	0,0%
Annar ýmiss kostnaður ósundurliðaður	182	228	-45	-20,0%
Samtals ýmis kostnaður	2.163	1.879	283	15,1%
Samtals annar rekstrarkostnaður	10.255	9.898	356	3,6%

Yfirlit yfir rekstrarniðurstöðu leikskóla borgarinnar Töflunni er raðað þannig að sá skóli sem er í mestum % halla 2024 er efstur en sá skóli sem er með mestan afgang er neðstur.

Borgarreknir leikskólar (m.kr.)														Árið 2023 til samanburðar	
Stofnun	Tekjur raun	Tekjur áætlun	Tekjur frávik	Laun raun	Laun áætlun	Laun frávik	Kostn raun	Kostn áætlun	Kostnaður frávik	Samtals raun	Samtals áætlun	Samtals frávik	Frávik %	Samtals frávik	Frávik %
Laugasól	28	30	-2	386	275	111	123	102	22	482	347	135	38,8%	43	9,9%
Sólborg	21	22	-1	358	268	90	69	61	8	406	307	99	32,2%	40	11,2%
Árborg	15	17	-2	179	145	34	35	25	10	199	153	47	30,5%	53	37,6%
Álftaborg	25	27	-3	300	244	56	81	65	15	356	282	74	26,2%	67	25,0%
Fífuborg	22	19	3	226	176	50	60	53	7	264	210	54	25,9%	40	18,8%
Briertartún	33	30	3	340	271	69	147	130	17	455	372	83	22,3%	77	40,5%
Ösp	32	15	18	202	161	40	51	34	17	220	181	39	21,7%	51	28,2%
Steinahlíð	19	17	2	180	143	36	67	62	5	228	188	39	20,9%	19	10,8%
Hólaborg	15	15	0	177	150	28	44	37	7	207	172	35	20,2%	26	15,6%
Stakkaborg	21	22	0	237	196	42	64	60	4	280	234	46	19,5%	29	11,5%
Klettaborg	22	23	-1	266	215	51	60	62	-2	304	255	49	19,2%	61	28,6%
Gullborg	29	26	3	321	260	61	75	74	1	367	308	59	19,0%	26	9,6%
Græna borg	22	24	-2	271	223	48	60	61	-1	309	260	49	18,8%	45	19,2%
Suðurborg	34	34	0	376	323	53	93	78	15	435	367	68	18,6%	59	16,3%
Múlaborg	39	43	-4	487	401	86	148	147	0	596	506	90	17,8%	96	22,5%
Klambrar	22	26	-5	256	228	28	64	54	11	299	255	44	17,2%	91	44,7%
Tjörn	22	25	-4	264	226	38	56	54	1	298	255	42	16,6%	23	8,7%
Lynghemar	24	26	-2	255	202	53	78	89	-11	308	264	44	16,6%	1	0,5%
Drafnarsteinn	41	32	8	315	267	48	79	71	9	354	305	49	15,9%	42	14,1%
Vogabyggð	26	21	5	239	193	47	143	138	5	356	309	47	15,2%	95	49,3%
Langholt	55	55	1	506	447	59	152	132	21	602	524	79	15,0%	65	12,9%
Geislabaugur	33	33	0	356	324	32	94	73	22	418	364	54	14,8%	26	7,3%
Borg	36	38	-2	363	323	40	108	94	13	434	379	56	14,7%	53	15,7%
Nóaborg	25	23	2	234	207	27	67	57	10	276	241	35	14,5%	29	12,5%
Bakkaborg	31	33	-2	376	333	43	94	84	10	439	384	55	14,2%	19	5,2%
Ægisborg	23	24	-1	236	216	20	61	51	10	274	242	31	12,9%	29	12,2%
Jörfi	37	30	7	254	227	27	75	61	14	292	258	33	12,9%	38	14,8%
Kvistaborg	19	18	1	202	180	23	61	55	6	245	217	28	12,9%	36	17,4%
Miðborg	30	27	3	338	280	58	144	148	-4	453	401	52	12,8%	13	3,5%
Holt	34	29	5	302	266	36	77	70	7	345	306	38	12,6%	31	11,3%
Austurborg	29	31	-3	276	261	16	79	61	18	327	291	36	12,5%	29	9,8%
Mariuborg	28	29	-2	269	235	34	53	58	-6	294	264	30	11,4%	8	3,3%
Sæborg	21	25	-4	217	198	18	56	53	3	251	226	26	11,3%	52	26,2%
Bjartahlíð	40	37	2	363	328	35	98	88	10	422	379	43	11,3%	36	9,4%
Brákarborg	28	33	-5	333	289	44	200	202	-2	504	458	47	10,2%	99	25,6%
Vesturborg	15	16	-1	160	141	19	41	45	-3	186	169	17	10,1%	17	11,2%
Hulduheimar	24	22	2	242	220	22	60	56	4	279	254	25	9,9%	32	13,7%
Sunnufold	34	33	1	321	289	33	87	87	-1	374	343	31	9,1%	55	18,1%
Rauðhóll	58	62	-4	632	564	69	157	173	-16	731	675	56	8,4%	69	10,5%
Heiðaborg	21	24	-3	226	205	21	64	68	-4	269	249	20	8,1%	12	5,1%
Furuskógur	32	34	-2	318	305	13	122	106	15	408	378	30	8,0%	61	19,5%
Nauthólsvegur	27	24	3	265	243	22	160	150	10	398	369	29	7,9%	65	22,8%
Blásalir	23	22	1	207	194	13	63	57	6	247	229	18	7,8%	18	8,7%
Hof	35	37	-1	350	326	24	73	70	3	388	360	28	7,8%	7	1,8%
Hagaborg	33	33	0	337	322	16	115	101	14	420	390	30	7,7%	76	28,6%
Eggertsgata	23	28	-5	268	248	20	138	137	0	383	357	26	7,2%	99	43,8%
Rofaborg	29	32	-3	302	268	34	72	87	-15	345	324	22	6,7%	9	3,2%
Seljakot	26	27	-1	248	231	17	89	88	1	311	292	20	6,7%	48	19,4%
Brekuborg	19	25	-6	217	203	14	45	52	-6	243	230	13	5,6%	9	4,3%
Vinagerði	20	19	1	173	163	9	66	64	2	218	208	10	5,0%	15	8,1%
Laufskálar	26	27	-1	264	240	24	46	59	-14	284	272	12	4,3%	10	3,9%
Reynisholt	25	26	-1	271	256	14	61	66	-5	307	296	11	3,8%	25	9,6%
Hraunborg	20	21	-1	199	192	7	51	54	-2	231	224	7	2,9%	16	7,8%
Hálsaskógur	29	35	-7	340	331	8	75	80	-5	386	376	10	2,7%	47	12,6%
Engjaborg	22	23	-1	218	222	-5	58	47	11	254	247	7	2,6%	34	15,8%
Rauðaborg	18	19	-2	169	167	2	37	36	1	188	183	5	2,5%	12	7,1%
Seljaborg	15	15	0	139	130	8	47	52	-5	170	167	4	2,1%	20	13,9%
Jöklaborg	35	39	-4	334	317	17	77	93	-16	375	371	4	1,2%	71	23,8%
Funaborg	34	20	14	184	172	13	63	60	4	214	212	2	1,0%	19	10,7%
Hlíð-að hluta í rekstri	9	17	-8	109	124	-15	81	74	7	182	181	0	0,2%	-21	-6,3%
Grandaborg	3	10	-7	82	82	0	48	55	-7	127	127	0	0,1%	-1	-0,6%
Ævt. við Barónsstíg	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0,0%	0	0,0%
Nes (Hamrar)	27	28	-1	230	224	6	70	78	-8	273	274	-2	-0,6%	22	8,7%
Sunnuás	39	33	6	369	327	42	119	181	-62	448	474	-26	-5,4%	74	20,2%
Garðaborg	7	13	-6	114	130	-16	38	39	-1	145	156	-11	-7,2%	17	10,9%
	1.707	1.727	-20	17.546	15.517	2.029	5.239	5.057	181	21.078	18.847	2.230	11,8%	2.481	14,3%

Frístunda- og félagsmiðstöðvastarf

Frístundastarf	Tekjur			Laun			Annar kostnaður			Samtals			
	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Frávik %
Sértækar félagsmiðstöðvar	15	29	-14	265	487	-222	52	48	4	302	507	-204	-40,3%
Frístundamiðstöðvar	942	932	10	4.502	4.703	-201	803	720	83	4.362	4.491	-128	-2,9%
Miðlægt og endurúthlutun	46	-3	49	11	95	-84	187	86	100	152	184	-32	-17,3%
Samtals	1.003	958	45	4.778	5.284	-507	1.042	854	187	4.817	5.181	-364	-7,0%

Frístunda- og félagsmiðstöðvastarf stendur vel fjárhagslega þegar litið er til ársins 2024, rekstur var 364 m.kr. innan fjárheimilda eða 7%. Tekjur voru 45 m.kr. yfir áætlun. Launakostnaður var 9,6% innan fjárheimilda sem kemur til vegna undirmönnunar þar sem ekki hefur gengið að fullmanna frístundastarf. Annar rekstrarkostnaður var 21,9% umfram fjárheimildir.

Skrifstofur SFS og miðlægir liðir

Skrifstofur SFS	Tekjur			Laun			Annar kostnaður			Samtals			
	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Frávik %
Skrifstofur SFS	59	42	17	1.279	1.300	-21	254	222	32	1.474	1.480	-7	-0,5%
Miðlægir liðir og styrkir	8		8	1	32	-31	176	157	19	169	188	-19	-10,2%
Skóla og frístundaráð				4		4	2	5	-3	6	5	0,7	14,4%
Samtals	67	42	25	1.283	1.332	-49	432	383	49	1.648	1.673	-25	-1,5%

Skrifstofur SFS voru með afgang að fjárhæð 7 m.kr. eða 0,5%. Á liðum sem falla undir miðlæga liði og styrki voru útgjöld 10,2% innan fjárheimilda eða 19 m.kr. Óverulegt frávik var hjá skóla- og frístundaráði eða 0,7 m.kr. Í heild var miðlæg skrifstofa innan fjárheimilda að fjárhæð 25 m.kr. eða 1,5%

Listaskólar

Listaskólar ofl.	Tekjur			Laun			Annar kostnaður			Samtals			
	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Frávik %
Skólahljóms- og Tónl. Kj.	28	26	2	427	427	1	25	19	6	424	419	5	1,1%
Tónlistarskólar							1.630	1.615	15	1.630	1.615	15	0,9%
Námsfl. Myndl. framhalds.	1	1					189	188	1	188	187	1	0,3%
Endurúthlutun ofl	1		1		4	-4	13	45	-32	12	49	-37	-76%
Samtals	30	26	3	427	431	-4	1.856	1.866	-10	2.254	2.270	-16	-0,7%

Skólahljómsveitir voru með um 5 m.kr. halla eða 1,1%. Tónlistaskólar voru með halla 15 m.kr. eða 0,9%. Útgjöld fyrir kennslustundir sem Reykjavíkurborg kaupir voru 1.281 m.kr. vegna grunnnáms og miðnáms í hljóðfæraleik. Fyrir kennslustundir sem ríkið kaupir í gengum Jöfnunarsjóð voru útgjöld 349 m.kr.


Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Mikil bæting hefur orðið á fjármögnun og rekstri borgarrekkinna grunnskóla eftir að nýtt úthlutunarlíkan grunnskóla var tekið í notkun. Í heildina eru borgarrekknir grunnskólar innan fjárheimilda. Enn eru þó áskoranir í grunnskólahlutunum sem vinna þarf betur með og má þar nefna matarkostnað, skólaakstur og samrekna grunnskóla.

Ábendingar Fjármála- og áhættustýringarsviðs:


- Heildarútgjöld brúttó til leikskóla sem borgin rekur hafa hækkað um 9,2% á föstu verðlagi frá 2019. Útgjöld á hvert barn í leikskólum sem borgin rekur hafa hækkað um 3,4% á föstu verðlagi frá árinu 2019. Minni aukning á barn en heildarhækkun kemur til vegna fjölgunar barna þar sem kostnaður dreifist á fleiri börn. Tekjur hafa dregist saman á föstu verðlagi og voru á árinu 2024 9% lægri í heild en þær voru 2019. Tekjur á hvert barn hafa lækkað um 19% sem kemur til þar sem gjaldskrá hefur ekki haldið í við hækkun verðlags auk áhrifa afsláttar. Kostnaðarþátttaka foreldra var 9,9% á árinu 2019 en var 7,7% árið 2024. Mikilvægt er að mótuð verði stefna borgarinnar um kostnaðarþátttöku foreldra vegna reksturs leikskóla.
- Á sama tíma og áhersla er á fjölgun leikskólaplássar til að takast á við biðlista, hefur borgin ítrekað þurft að taka leikskólahúsnæði úr rekstri vegna rakaskemmda sem hefur hægt á getu sviðsins til að ná niður biðlistum í samræmi við væntingar. Þá hefur ekki tekist að fullmanna leikskóla borgarinnar sem jafnframt hefur leitt til þess að gildandi rekstrarleyfi eru ekki fullnýtt. Mikilvægt er að áætlun um uppbyggingu og fjölgun leikskólaryma taki mið af þeirri stöðu.
- Sérskólar voru á árinu reknir með 184 m.kr. halla eða 9,7%. Fyrirhugað er að koma á úthlutunarlíkani vegna sérskóla.

1.3 Umhverfis- og skipulagssvið



Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri umhverfis- og skipulagssviðs í Aðalsjóði fyrir árið 2024 í samanburði við fjárheimildir ársins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávikum frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Nettó útgjöld sviðsins voru 11.829 m.kr. eða 117 m.kr. umfram fjárheimildir ársins eða um 1,0%.



Rekstur USK (m.kr.)	Raun 2024	Áætlun 2024	Frávik	%
Tekjur	7.319	5.845	1.474	25,2%
Laun og launat. gj.	4.080	4.038	42	1,0%
Annar rekstrark.	15.068	13.520	1.549	11,5%
Nettó útgjöld	11.829	11.712	117	1,0%

Í neðangreindri töflu er framsetningu fylgt í samþykktri fjárhagsáætlun sviðsins og sýndar fjárhæðir fyrir niðurstöðu ársins, upprunalega áætlun, endurskoðaða áætlun og gerður samanburður á niðurstöðum ársins 2023.

Umhverfis- og skipulagssvið	Eining	Raun 2024	Upprunaleg áætlun 2024	Esk áætlun 2024	Mismunur á raun og esk áætlun	%	Raun 2023	Mism. milli ára	%
Sviðsstjóri og miðlægar skrifstofur	UK1	1.598	1.692	1.734	-136	-7,8%	1.173	425	36,2%
Skrifstofa skipulagsfulltrúa	UK2	231	291	295	-64	-21,6%	107	124	115,8%
Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar	UK3	-1.003	-334	-323	-680	210,5%	-611	-391	64,0%
Skrifstofa byggingarfulltrúa	UK4	188	160	166	22	13,3%	183	6	3,1%
Skrifstofa umhverfisgæða	UK5	-29	373	418	-447	-106,8%	944	-973	-103,0%
Skrifstofa heilbrigðiseftirlits	UK6	230	154	157	73	46,9%	200	30	15,2%
Framkvæmdir og viðhald mannvirkja	UK7	1.332	1.328	1.331	1	0,1%	1.223	109	8,9%
Rekstur og umhirða borgarlandsins	UK9	9.281	7.818	7.934	1.346	17,0%	8.060	1.221	15,1%
Umhverfis- og skipulagssvið	USK RK	11.829	11.482	11.712	117	1,0%	11.279	550	4,9%

Þjónustubættir USK

Málaflokkar USK (m.kr.)	Tekjur	Áætlun 2024	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2024	Frávik	Annar kostnaður	Áætlun 2024	Frávik	Nettó útgjöld	Áætlun 2024	Frávik	%
Sviðsstjóri og miðlægar skrifstofur	471	327	144	1.292	1.270	23	777	792	-15	1.598	1.734	-136	-7,8%
Skrifstofa skipulagsfulltrúa	120	108	13	274	272	3	78	131	-54	231	295	-63	-21,6%
Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar	2.180	1.485	695	489	537	-48	689	625	63	-1.003	-323	-680	210,5%
Skrifstofa byggingarfulltrúa	123	154	-31	298	289	9	14	32	-18	188	166	22	13,3%
Skrifstofa umhverfisgæða	4.008	3.392	616	1.381	1.342	38	2.599	2.468	131	-29	418	-447	-106,8%
Skrifstofa heilbrigðiseftirlits	158	202	-44	346	329	17	42	30	12	230	157	73	46,9%
Framkvæmdir og viðhald mannvirkja	91	70	21	0	0	0	1.423	1.401	22	1.332	1.331	1	0,1%
Rekstur og umhirða borgarlandsins	167	107	60	0	0	0	9.448	8.042	1.406	9.281	7.934	1.346	17,0%
Samtals	7.319	5.845	1.474	4.080	4.038	42	15.068	13.520	1.549	11.829	11.712	117	1,0%

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar var 680 m.kr. innan fjárheimilda ársins, sem var einkum vegna Bílastæðasjóðs sem var 668 m.kr. innan fjárheimilda ársins. Tekjur Bílastæðasjóðs voru 676 m.kr. umfram áætlun, aðallega vegna greiðsla í miðamæla vegna lengingu á gjaldskyldutíma og stækkunar á gjaldsvæðum, stöðu/aukastöðubrota og vegna hækkunar á gjaldskrá og betri nýtingu bílahúsa. Laun og launatengd gjöld voru 68 m.kr. innan fjárheimilda en annar rekstrarkostnaður 75 m.kr. umfram fjárheimildir ársins, sem skýrist einkum vegna kaupa á tölvu- og hugbúnaðarþjónustu vegna uppfærslu á upplýsingakerfum.

Skrifstofa umhverfisgæða var 447 m.kr. innan fjárheimilda ársins einkum vegna úrgangsmála en þau voru 456 m.kr. innan fjárheimilda ársins. Tekjur úrgangsmála voru 592 m.kr. umfram áætlun, frávikið skýrist af mun fleiri tunnum fyrir blandað sorp en áætlun gerði ráð fyrir, einnig voru 227 m.kr. vegna greiðslna frá Úrvinnslusjóði þarf af 141 m.kr. vegna 2023. Laun og launatengd gjöld voru 22 m.kr. umfram áætlun og annar rekstrarkostnaður 114 m.kr. umfram áætlun ársins, aðallega vegna þrifa á grenndarstöðvum 64 m.kr. og uppgjörs vegna reksturs endurvinnslustöðva fyrir árið 2023 44.m.kr.

Rekstur og umhirða borgarlandsins var 1.346 m.kr. umfram fjárheimildir ársins einkum vegna reksturs gatna og opinna svæða sem var 1.326 m.kr. umfram fjárheimildir sem skýrist mest af vetrarþjónustu sem var 1.130 m.kr. umfram fjárheimildir og garðyrkja var 37 m.kr. umfram fjárheimildir ársins. Þá var tap á rekstri hverfastöðva 90 m.kr. sem var fært á kostnaðarstaðinn U9040 Rekstur gatna og opinna svæða. Tæpið má að mestu skýra vegna hækkunar á öðrum rekstrarkostnaði undanfarinna ára.

Taflan hér að neðan sýnir helstu **lykiltölur** tengdar rekstri umhverfis- og skipulagssviðs:

Lykiltölur úr rekstri USK	Raun 2020	Raun 2021	Raun 2022	Raun 2023	Raun 2024	Breyting 2023-24
Skrifstofa byggingarfulltrúa						
Samþykktir m3	806.232	805.520	695.151	775.621	827.245	7%
Byggðir m3 (lokið við)	918.973	579.345	634.662	596.268	656.705	10%
Fullgerðar íbúðir	1.572	1.252	1.062	874	989	13%
Hafin smíði nýrra íbúða	1.174	1.065	913	690	935	36%
Skrifstofa heilbrigðiseftirlits						
Útgefin starfsleyfi	487	445	496	370	333	-10%
Fjöldi eftirlitsferða	3.100	3.892	3.301	2.879	2.527	-12%
Rekstur og umhirða borgarlandsins						
Sláttur - flatarmál (m2)	4.697.828	4.716.009	4.719.977	4.727.008	4.724.965	0%
Hreinsun gatna og gönguleiða - flatarmál (m2)*	6.622.964	5.762.158	5.831.958	5.867.739	5.908.678	1%
Skrifstofa stjórnsýslu og gæða						
Útgefin afnotaleyfi	1.318	1.379	1.387	1.172	1.175	0%
Skrifstofa skipulagsfulltrúa						
Fjöldi mála á afgreiðslufundi	1.583	2.014	1.738	1.614	1.593	-1%
Deiliskipulag auglýst í B-deild	134	123	112	85	105	24%
Grk. / þar af v. byggingarl.ums.	79/35	91/41	96/45	66/30	62/21	
Skrifstofa mannauðs						
Nemendur í Vinnuskóla	3.316	3.621	3.251	3.256	3.387	4%
Skrifstofa umhverfisgæða						
Blandaður úrgangur [tonn]	17.899	17.611	17.540	14.460	11.335	-22%
Pappír- og pappi í bláar tunnur [tonn]	2.596	2.489	2.428	2.393	3.045	27%
Plast í grænar tunnur [tonn]	455	446	505	835	1.325	59%
Matarleifar í brúnar tunnur [tonn]	-	76	102	2.163	4.836	124%
Magn blandaðs úrgangs á íbúa [kg/íbúa]	136	132	129	103	79	-23%

* 2021 einungis götur og gönguleiðir Reykjavíkurborgar


Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Rekstrarniðurstaða Umhverfis-og skipulagssviðs var 11.829 m.kr. sem er 117 m.kr. umfram fjárheimildir ársins eða um 1%.
- Tekjur voru 1.474 m.kr. umfram áætlun eða 25%. Tekjur Bílastæðasjóðs voru 676 m.kr. umfram áætlun, tekjur úrgangsmála voru 592 m.kr. umfram áætlun og tekjur vegna greiðslna frá Úrvinnslusjóði voru 227 m.kr. umfram áætlun.
- Annar rekstrarkostnaður var 1.549 m.kr. umfram áætlun eða 11,5% sem skýrist af stærstum hluta af Vetrarþjónustu sem var 1.130 m.kr. umfram fjárheimildir.

Ábendingar Fjármála- og áhættustýringarsviðs:

- Á undanförunum árum hefur vetrarþjónustan verið mikið umfram áætlun. Unnin hefur verið greining á þjónustustigi og það kostnaðarmetið. Á árinu 2024 var byrjað að vinna skv. tillögum stýrihóps um breytingar á vetrarþjónustu án þess að fjármagni hafi verið bætt í áætlun, tekið er að einhverju leyti tillit til þessara breytinga í áætlun 2025. Mikilvægt er að fylgst verði með árangri af umbótum.

1.4 Velferðarsvið



Rekstur VEL (m.kr.)	Raun 2024	Áætlun 2024	Frávik	%
Tekjur	8.698	8.099	599	7,4%
Laun og launat. gj.	31.733	30.730	1.003	3,3%
Annar rekstrark.	18.883	17.530	1.352	7,7%
Nettó útgjöld	41.917	40.161	1.757	4,4%

Tekjur voru 599 m.kr. hærri en áætlun gerði ráð fyrir sem skýrist af 297 m.kr. framlagi úr sérfræðiteymi vegna barna með fjölbættan vanda, 24 m.kr. vegna öryggisvistunar, 92 m.kr. framlagi frá jöfnunarsjóði vegna þjónustu við fatlað fólk og 27,5 m.kr. frá Sjúkratryggingum Íslands vegna Ylju neyslurýmis.

Laun og launatengd gjöld voru 1.003 m.kr. umfram fjárheimildir eða 3,3%. Frávik skýrist meðal annars af ófyrirséðum kostnaði vegna afleysinga starfsfólks sem fór í orlof janúar-apríl, áætluð fjárhæð 314 m.kr., langtímaveikindum og stöðugildum vegna nýrra úrræða sem opnuðu á árinu.

Annar rekstrarkostnaður var 1.352 m.kr. umfram fjárheimildir eða 7,7%. Frávik skýrist að stærstum hluta af þjónustu við börn og ungmenni með fjölbættan vanda. Gjöld vegna vistunar barna voru 2.866 m.kr. eða 1.262 m.kr. umfram fjárheimildir. Annars vegar er um að ræða vistanir á vegum miðstöðva vegna fatlaðra barna og ungmenna og hins vegar er um að ræða börn og ungmenni sem eru vistuð á vegum Barnaverndar Reykjavíkur. Framlag úr sérfræðiteymi vegna barna með fjölbættan vanda var 297 m.kr.

Í meðfylgjandi töflu er fylgt framsetningu í samþykktri fjárhagsáætlun sviðsins og sýndar fjárhæðir fyrir niðurstöðu ársins, upprunaleg áætlun, endurskoðuð áætlun og gerður samanburður við niðurstöður ársins 2023.

Þjónustubættir VEL (m.kr.)	Raun 2024	Upprunaleg áætlun 2024	Esk áætlun 2024	Mism. á raun og esk áætlun	%	Raun 2023	Mism. milli ára	%
Stjórnsýsla, sérfræðiþjónusta og ráðgjöf	6.848	6.425	6.846	2	0,0%	6.204	644	10,4%
Samningar, framlög og styrkir	5.646	5.535	5.594	51	0,9%	5.743	-97	-1,7%
Búsetuþjónusta	14.372	13.283	14.136	236	1,7%	13.208	1.164	8,8%
Félagsmiðstöðvar	691	671	683	7	1,1%	666	25	3,8%
Dagþjónusta	1.010	852	877	133	15,2%	757	253	33,4%
Heimahjúkrun	0	0	0	0	0,0%	0	1	-278,8%
Heimastuðningur	2.627	2.627	2.555	72	2,8%	2.600	27	1,0%
Hjúkrunarheimili	376	284	284	92	32,4%	386	-10	-2,7%
Þjónustuíbúðir	1.589	1.391	1.573	16	1,0%	1.458	131	9,0%
Hælisleitendur og flóttamannaverkefni	-81	0	-70	-11	15,5%	6	-87	-1488,4%
Vistgreiðslur	2.866	1.604	1.604	1.262	78,7%	1.989	877	44,1%
Stuðnings- og stoðþjónusta	3.519	3.266	3.279	241	7,3%	3.495	25	0,7%
NPA	1.652	1.202	1.692	-40	-2,4%	1.224	428	35,0%
Ýmis úrræði	422	492	511	-89	-17,4%	571	-149	-26,1%
Þróunarverkefni	0	22	22	-22	-100,0%	0	0	0,0%
Önnur gjöld	381	451	577	-196	-33,9%	384	-3	0,0%
Samtals	41.917	38.105	40.161	1.757	4,4%	38.690	3.228	8,3%

Myndin hér til hliðar og taflan fyrir neðan sýnir niðurstöðu í rekstri velferðarsviðs fyrir árið 2024 án bundinna liða þ.e. fjárhagsaðstoðar og sérstaks húsnæðisstuðnings í samanburði við fjárheimildir ársins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa fráviki frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Nettó útgjöld sviðsins í heild með bundnum liðum voru 46.324 m.kr. sem var 897 m.kr. umfram fjárheimildir eða 2%. Fjárhagsaðstoð var 723 m.kr. eða 20,1% innan fjárheimilda og sérstakur húsnæðisstuðningur var 137 m.kr. eða 8,2% innan fjárheimilda. Ríkið endurgreiðir sveitarfélögum veitta aðstoð vegna erlendra ríkisborgara í samræmi við 15. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga en upphæðin fyrir tímabilið janúar - desember var metin 1.487 m.kr. m.v. um 900 einstaklinga á mánuði.

Reglubundinn rekstur sviðsins án bundinna liða var 41.917 m.kr. sem var 1.757 m.kr. umfram fjárheimildir eða 4,4%. Frávik skýrist að stærstum hluta af vistunum barna á vegum Barnaverndar Reykjavíkur sem var 1.262 m.kr. umfram fjárheimildir eða 79%. Búsetuþjónusta fyrir fatlað fólk var 306,4 m.kr. umfram fjárheimildir eða 2%. Stuðnings- og stoðþjónusta var 240,7 m.kr. umfram fjárheimildir eða 7%.

Þjónustubættir Velferðarsviðs

Þjónustubættir VEL (m.kr.)	Tekjur	Áætlun 2024	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2024	Frávik	Annar kostnaður	Áætlun 2024	Frávik	Nettó útgjöld	Áætlun 2024	Frávik	%
Stjórnsýsla, sérfræðiþjónusta og ráðgjöf	131	29	103	5.392	5.384	8	1.588	1.491	97	6.848	6.846	2	0,0%
Samningar, framlög og styrkir	269	74	194	1	0	0	5.913	5.668	246	5.646	5.594	51	0,9%
Búsetuþjónusta	357	221	136	13.327	12.884	443	1.401	1.472	-71	14.372	14.136	236	1,7%
Félagsmiðstöðvar	108	103	4	309	322	-13	489	464	25	691	683	7	1,1%
Dagþjónusta	211	243	-32	995	837	158	226	282	-56	1.010	877	133	15,2%
Heimahjúkrun	2.646	2.703	-57	2.184	2.182	2	462	520	-58	0	0	0	0,0%
Heimastuðningur	75	87	-12	2.481	2.290	191	221	352	-131	2.627	2.555	72	2,8%
Hjúkrunarheimili	2.052	2.064	-12	1.845	1.781	64	583	567	16	376	284	92	32,4%
Þjónustuiðir	203	197	6	1.493	1.466	27	299	304	-5	1.589	1.573	16	1,0%
Hælsileitendur og flóttamannaverkefni	1.385	1.405	-21	594	675	-81	710	661	49	-81	-70	-11	15,5%
Vistgreiðslur	186	0	186	0	0	0	3.052	1.604	1.448	2.866	1.604	1.262	78,7%
Stuðnings- og stoðþjónusta	10	-9	20	2.446	2.234	212	1.084	1.036	48	3.519	3.279	241	7,3%
NPA	560	577	-17	0	0	0	2.212	2.269	-57	1.652	1.692	-40	-2,4%
Ýmis úrræði	402	361	41	488	438	50	336	433	-98	422	511	-89	-17,4%
Þróunarverkefni	0	0	0	0	0	0	0	22	-22	0	22	-22	-100,0%
Önnur gjöld	104	44	60	179	236	-57	306	385	-79	381	577	-196	-33,9%
Rekstur samtals	8.698	8.099	599	31.733	30.730	1.003	18.883	17.530	1.352	41.917	40.161	1.757	4,4%

Helstu frávik

Búsetuþjónusta var 236,3 m.kr. umfram fjárheimildir eða 2%. Þjónustuhópurinn var 512 einstaklingar yfir árið. Frávik skýrist af fjölpættum vanda í búsetu fatlaðs fólks, álagi í kjörnum og veikindum starfsmanna en sífellt er unnið að umbótum í samráði við mannauðsþjónustu sviðsins. Meðalveikindahlutfall var 8,3% á árinu sem samsvarar 83 stöðugildum. Langtímaveikindi voru 2,3% á árinu sem samsvarar 23 stöðugildum. Frávik vegna orlofsuppgjörs var 165,2 m.kr. á árinu og orlof starfsmanna sem tekið var á fyrstu fjórum mánuðum ársins er metið 157 m.kr. sem ekki var áætlað fyrir.

Hjúkrunarheimili voru 92 m.kr. umfram fjárheimildir eða 32%.

Droplaugarstaðir voru 65 m.kr. umfram fjárheimildir eða 31%. Laun og launatengd gjöld voru 44 m.kr. umfram fjárheimildir. Meðalveikindahlutfall var 9,9% sem samsvarar 11 stöðugildum. Langtímaveikindi voru 3% á árinu sem samsvarar 3,5 stöðugildum. Greidd laun vegna veikindaafleysinga voru um 30 m.kr. en daggjöld standa ekki að fullu undir þeim kostnaði. Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu eru að skoða fyrir hönd hjúkrunarheimila að fá bætingu á hluta af auknum kostnaði frá Sjúkratryggingum Íslands.

Seljahlíð var 26 m.kr. umfram fjárheimildir eða 36%. Tekjur voru 300 m.kr. sem var 11 m.kr. eða 3,5% lægra en áætlun gerði ráð fyrir. Laun og launatengd gjöld voru 20 m.kr. umfram fjárheimildir. Meðalveikindahlutfall var 7,3% sem samsvarar 1,7 stg. Langtímaveikindi voru 2,8% á árinu sem samsvarar 0,6 stöðugildum. Sjúkratryggingar Íslands gerðu samkomulag við Reykjavíkurborg um frekari frestun á framkvæmd uppsagnar á samningi um rekstur og þjónustu hjúkrunarheimilisins, til og með 30. júní 2025 og eru þau rými sem losna notuð sem biðhjúkrunarrými. Sjúkratryggingar greiða til viðbótar 8,6 m.kr. á mánuði út samningstímann.

Vistgreiðslur Barnaverndar voru 1.262 m.kr. umfram fjárheimildir eða 79%. Börn sem vistuð eru á vegum Barnaverndar Reykjavíkur eru vistuð á grundvelli barnaverndarlaga nr. 80/2002, nánar tiltekið 84.gr. barnaverndarlaga. Öll börn sem vistuð eru utan heimilis hvort sem er í fóstri eða í úrræðum, þurfa á slíkri vistun að halda og á Barnavernd Reykjavíkur hvílir rík lagaskylda til að tryggja þeim úrræði.

Stuðnings- og stoðþjónusta, skammtíavistanir og stuðningsfjölskyldur voru 240,7 m.kr. umfram fjárheimildir eða 7%. Þar af voru skammtíavistanir fyrir börn 37,7 m.kr. umfram fjárheimildir eða 7%. Kostnaður við stuðningsfjölskyldur vegna barna í félagslegum vanda var 29 m.kr. umfram fjárheimildir eða 34% og var fjöldi barna 152. Mikið hefur áunnist í að draga úr kostnaði en 54,4 m.kr. lækkun er frá fyrra ári. Stuðningsfjölskyldur vegna fatlaðra barna voru 32 m.kr. umfram fjárheimildir eða 19% og var fjöldi barna 160. Stuðnings- og stoðþjónusta í heild var 159,7 m.kr. umfram fjárheimildir eða 14% og var fjöldi notenda 410. Rekja má yfirfrávikin til lagabreytinga og reglubreytinga Reykjavíkurborgar í samræmi við lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Meðalveikindahlutfall var 5,7% á árinu sem samsvarar 10 stöðugildum. Langtímaveikindi voru 1,6% á árinu sem samsvarar 3 stöðugildum. Frávik vegna orlofsuppgjörs var 29 m.kr. á árinu og orlof starfsmanna sem tekið var út á fyrstu fjórum mánuðum ársins er metið 21 m.kr. sem ekki var áætlað fyrir.

Málefni fatlaðs fólks

Málefni fatlaðs fólks (m.kr.)	Raun 2024	Áætlun 2024	Frávik	%
Tekjur	993	717	276	38,4%
Laun og launatengd gjöld	14.697	14.056	641	4,6%
Annar rekstrarkostnaður	7.706	7.633	72	0,9%
Nettó útgjöld	21.410	20.972	438	2,1%

Nettó útgjöld velferðarsviðs Reykjavíkurborgar í málefnum fatlaðs fólks voru 21.410 m.kr. sem var 438 m.kr. umfram fjárheimildir eða 2,1%. Tekjur voru 993 m.kr. eða um 276 m.kr. hærri en áætlun gerði ráð fyrir. Frávik skýrist af framlagi 127,2 m.kr. úr sérfræðiteymi vegna barna með fjölþættan vanda, samtals 92 m.kr. framlögum frá jöfnunarsjóði vegna þjónustu við fatlað fólk og 24 m.kr. vegna öryggisvistunar.

Laun og launatengd gjöld voru 14.697 m.kr. eða 641 m.kr. umfram fjárheimildir eða 4,6%. Frávik skýrist aðallega af húsnæði fyrir fatlað fólk sem var 487,6 m.kr. umfram fjárheimildir. Greitt var fyrir 1.118 stöðugildi á móti 1.015 stöðugildum í áætlun en þá eru meðtalin stöðugildi í langtímaveikindum sem voru alls 25. Frávik skýrist að hluta til af nýjum úrræðum að Laugavegi og Vesturgötu alls 24,5 stöðugildi og af orlofsgreiðslum sem ekki var áætlað fyrir á tímabilinu janúar - apríl, þar sem orlofsréttur átti að fyrnast 1. maí. Alls voru orlofsstundir á tímabilinu 34.774 klst. sem samsvarar 55 stöðugildum. Frávik skýrist einnig af fjölþættum vanda í búsetu fatlaðs fólks, álagi í kjörnum og veikindum starfsmanna en sífellt er unnið að umbótum í samráði við mannauðsþjónustu sviðsins. Annar rekstrarkostnaður var 7.706 m.kr. sem var 72 m.kr. umfram fjárheimildir eða 0,9%.

Meðalveikindahlutfall var 8,2% á árinu sem samsvarar 91 stöðugildi. Langtímaveikindi voru 2% á árinu sem samsvarar 24 stöðugildum. Kostnaður vegna langtímaveikinda var 204,8 m.kr. en áætlun ársins var 91,3 m.kr. Frávik vegna orlofsuppgjörs var 184 m.kr. á árinu og orlofs starfsmanna sem tekið var út á fyrstu fjórum mánuðum ársins metið 145,2 m.kr. sem ekki var áætlað fyrir.

Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Rekstrarniðurstaða Velferðarsviðs án bundinna liða var 1.757 m.kr. umfram fjárheimildir eða 4,4% sem skýrist einkum af vistunum barna með fjölþættan vanda á vegum Barnaverndar Reykjavíkurborgar, búsetuþjónustu við fatlað fólk 236 m.kr. og úrræða vegna stuðnings- og stoðþjónustu 241 m.kr.
- Tekjur voru 599 m.kr. umfram áætlun eða 7,4% sem aðallega skýrist af því að framlög til barna með fjölþættan vanda og til þjónustu við fatlað fólk voru hærri en gert hafði verið ráð fyrir.
- Laun og launatengd gjöld voru 1.003 m.kr. umfram fjárheimildir eða 3,3% sem skýrist af afleysingum við orlofstöku starfsfólks fyrri hluta árs, veikindum og stöðugildum í nýjum úrræðum sem ekki var gert ráð fyrir í áætlun.
- Annar rekstrarkostnaður var um 1.352 m.kr. umfram fjárheimildir sem skýrist einkum af þjónustu við börn og ungmenni með fjölþættan vanda.

Ábendingar Fjármála- og áhættustýringarsviðs:


- Rekstrarniðurstaða sviðsins án bundinna liða felur í sér veruleg frávik frá samþykktum fjárheimildum. Vísað er í skyldur sviðstjóra sbr. ákvæði 3.4 í reglum um gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar hjá Reykjavíkurborg.
- Stuðnings- og stoðþjónusta, skammtímavistanir og stuðningsfjölskyldur voru 241 m.kr. eða 7% umfram fjárheimildir. Í greinargerð sviðsins kemur fram að kostnaður milli ára hefur lækkað um 55 m.kr. sem er jákvætt en frávik eru enn of há. Mikilvægt er að starfað sé innan fjárheimilda og verkefnum sé forgangsraðað til að mæta kostnaði.
- Búsetuþjónusta var 236,3 m.kr. umfram fjárheimildir eða 2% sem skýrist m.a. af fjölþættum vanda í búsetu fatlaðs fólks og álagi í kjörnum. Frá árinu 2025 er gerð sú breyting hjá sviðinu að rekstri málaflokksins verður stýrt frá einni miðlægri einingu í stað fjögurra. Vonir eru bundnar við að skipulagsbreytingar skili sér í aukinni hagkvæmni í rekstri.
- Útgjöld vegna barna með alvarlegar þroska- og geðraskanir voru 1.262 m.kr. eða 78% umfram fjárheimildir. Hér er um að ræða alvarlega stöðu þar sem kostnaður hefur aukist jafnt og þétt á síðustu árum. Undirritað samkomulag ríkis og sveitarfélaga frá mars 2025, um ábyrgð á rekstri og kostnaði barna með fjölþættan vanda, er liður í að skýra verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga.

1.4.1 Velferðarsvið – bundnir liðir

Bundnir liðir VEL (m.kr.)	Raun 2024	Áætlun 2024	Frávik	%
Tekjur	1.491	1.202	289	24,1%
Gjöld	5.898	6.468	-571	-8,8%
Nettó útgjöld	4.407	5.267	-860	-16,3%

Fjárhagsaðstoð (m.kr.)	Raun 2024	Áætlun 2024	Frávik	%
Framfærslustyrkur	3.227	3.513	-286	-8,1%
Áætlaðar tekjur v. endurgreiðslu 15 gr.	-1.487	-1.202	-285	23,7%
Heimildargreiðslur fjárhagsaðstoðar	659	784	-125	-16,0%
Heimildargreiðslur - Átaksverkefni	423	425	-2	-0,5%
Heim.gr. 16.gr. Aaðstoð v/barna	45	70	-24	-34,8%
Nettó útgjöld	2.867	3.590	-723	-20,1%

Notendur fjárhagsaðstoðar (fjöldi)	Fjöldi jan-des 2024	Fjöldi jan-des 2023	Br. milli ára	%
Fjárhagsaðstoð alls	3.834	4.456	-622	-14,0%
Fjárhagsaðst. 6 mán. eða lengur	794	860	-66	-7,7%
Framfærslustyrkur	2.959	3.260	-301	-9,2%
Heimildargreiðslur fjárhagsaðstoðar	1.979	2.849	2	0,1%



Taflan hér til hliðar sýnir niðurstöðu á bundnum liðum velferðarsviðs, þ.e. prósentuhlutföll í töflu lýsa frávikum frá raun niðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.

Gjöld bundinna liða voru 5.898 m.kr. sem var 571 m.kr. eða 8,8% innan fjárheimilda. Nettó gjöld vegna fjárhagsaðstoðar námu 2.867 m.kr. og gjöld vegna sérstaks húsnæðisstuðnings námu 1.540 m.kr.

Fjárhagsaðstoð: Útgjöld vegna fjárhagsaðstoðar voru 4.354 m.kr. á árinu sem var 438 m.kr. innan fjárheimilda eða 9,1%. Ríkið endurgreiðir sveitarfélögum veitta aðstoð vegna erlendra ríkisborgara í samræmi við 15. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Upphæðin fyrir tímabilið janúar - desember var metin 1.487 m.kr. m.v. um 1.000 einstaklinga á mánuði. Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar hækkaði um 4,9% í samræmi við forsendur fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar og tók hækkunin gildi þann 1. janúar 2024.

Framfærslustyrkur nam 3.227 m.kr. sem var 286 m.kr. eða 8,1% innan fjárheimilda. Notendum hefur fækkað um 301 frá því á sama tímabili í fyrra eða um 9,2% og eru nú 2.959 notendur sem hafa fengið framfærslustyrk á árinu.


Taflan sýnir uppsafnaðan fjölda notenda á tímabilinu samanborið við sama tímabil í fyrra en línuritið sýnir fjölda í hverjum mánuði.

Heimildargreiðslur voru alls 1.127 m.kr. Heimildargreiðslur fjárhagsaðstoðar voru 659 m. kr. sem var 125 m.kr. innan fjárheimilda eða 16%. Heimildargreiðslur vegna átaksverkefna námu 423 m.kr. og voru 2 m.kr. umfram fjárheimildir eða 0,5%. Heimildargreiðslur 16. gr. reglna Reykjavíkurborgar um fjárhagsaðstoð vegna aðstoðar til barna voru innan fjárheimilda um 24 m.kr. eða 34,8%. Heimildargreiðslur í heild voru því 152 m.kr. innan fjárheimilda. Heimildargreiðslum til notenda á fjárhagsaðstoð hefur fækkað ásamt fjölda notenda með framfærslustyrk. Fjöldi þeirra sem fengu heimildargreiðslur á árinu voru 1.979 sem er fækkun um 870 notendur eða 30,5% miðað við árið 2023.

Sérstakur húsnæðisstuðningur: Nettó útgjöld voru 1.540 m.kr. sem var 137 m.kr. eða 8,2 % innan fjárheimilda.

Sérstakur húsnæðisstuðningur	Raun 2024	Áætlun 2024	Frávik	%
Sérstakur húsnæðisst almennur markaður	657	738	-81	-11,0%
Sérstakur húsnæðisst. félagslegt húsnæði	883	939	-56	-6,0%
Nettó útgjöld	1.540	1.677	-137	-8,2%

Notendur sérstakur húsnæðisstuðningur (fjöldi)	Fjöldi jan-des 2024	Fjöldi jan-des 2023	Br. milli ára	%
Sérstakur húsnæðisst. almennur markaður	2.309	2.373	-64	-2,7%
Sérstakur húsnæðisst. félagslegt húsnæði	2.227	2.199	28	1,3%
Samtals	4.536	4.572	-36	-1,0%



Sérstakur húsnæðisstuðningur fyrir leigjendur á almennum leigumarkaði var 657 m.kr. eða 81 m.kr. innan fjárheimilda. Notendum fækkaði um 64 frá sama tímabili og í fyrra. Taflan sýnir uppsafnaðan fjölda á tímabilinu samanborið við uppsafnaðan fjölda á sama tímabili í fyrra. Línuritíð sýnir fjölda notenda í hverjum mánuði.

Sérstakur húsnæðisstuðningur fyrir leigjendur í félagslegu húsnæði var 883 m.kr. eða 56 m.kr. innan fjárheimilda. Notendum með sérstakan húsnæðisstuðning í félagslegu húsnæði fjölgaði um 28 frá sama tímabili 2023.


Tekjumörk voru hækkuð um 5,6% í samræmi við lög um húsnæðisbætur og tóku reglurnar gildi 1. janúar 2024. Eignamörk voru hækkuð um 8,2% í samræmi við eignamörk í reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði og tóku reglurnar gildi 1. janúar 2024. Þann 1. nóvember 2024 var tekjumörkum sérstaks húsnæðisstuðnings breytt í samræmi við lög um húsnæðisbætur á þann veg að fjárhæðir frítekjumarka hækkuðu í samræmi við breytingar á húsnæðisbótum og að tveir flokkar frítekjumarka vegna fimm og sex eða fleiri heimilismanna bættust við. Breytingar eru í gildi afturvirktil til 1. júní 2024.

Ríkið hefur samþykkt að endurgreiða sveitarfélögum sérstakan húsnæðisstuðning sem veittur er erlendum ríkisborgurum í samræmi við 15. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Fjárhæðin fyrir tímabilið liggur ekki fyrir en áætlað er að endurgreiðslan gæti numið allt að 80 m.kr.

Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Bundnir liðir voru 860 m.kr. innan fjárheimilda eða 16,3%. Þar af var fjárhagsaðstoð 723 m.kr. eða 20,1% innan fjárheimilda og sérstakur húsnæðisstuðningur var 137 m.kr. eða 8,2% innan fjárheimilda.


1.5 Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu



Rekstur RHS (m.kr.)	Raun 2024	Áætlun 2024	Frávik	%
Tekjur	172	149	24	16,0%
Laun og launat. gj.	1.918	1.991	-73	-3,7%
Annar rekstrark.	550	616	-66	-10,7%
Nettó útgjöld	2.296	2.458	-162	-6,6%

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri hjá skrifstofum miðlægrar stjórnsýslu fyrir árið 2024 í samanburði við fjárheimildir ársins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávik frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Nettó útgjöld voru 2.296 m.kr. eða 162 m.kr. innan fjárheimilda.



Tekjur voru 172 m.kr. eða 24 m.kr. yfir áætlun vegna endurgreiðslu frá ríkinu.

Laun og launatengd gjöld voru 1.918 m.kr. eða 73 m.kr. innan fjárheimilda.

Annar rekstrarkostnaður var 550 m.kr. eða 66 m.kr. innan fjárheimilda m.a. vegna þess að ýmis verkefni frestast eða fara seinna af stað en áætlað var.

Í meðfylgjandi töflu er fylgt framsetningu í samþykktri fjárhagsáætlun sviðsins og sýndar fjárhæðir fyrir niðurstöðu ársins, upprunaleg áætlun, endurskoðuð áætlun og gerður samanburður við niðurstöður ársins 2023.


Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu	Eining	Raun 2024	Upprunaleg áætlun 2024	Esk áætlun 2024	Mismunur á raun og esk áætlun	%	Raun 2023	Mism. milli ára	%
Borgarlögmaður	BLÖ	188	193	199	-11	-5,6%	165	23	14,0%
Endurskoðun	END	214	227	237	-23	-9,8%	208	6	2,9%
Mannréttindaskrifstofa	MAR	302	351	367	-66	-17,9%	330	-28	-8,5%
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara	SBO	776	704	788	-12	-1,6%	712	63	8,9%
Skrifstofa borgarstjórnar	SBS	816	805	866	-50	-5,8%	673	143	21,2%
Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu	RHS	2.296	2.280	2.458	-162	-6,6%	2.089	207	9,9%

Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu

Málaflokkar RHS (m.kr.)	Tekjur	Áætlun 2024	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2024	Frávik	Annar kostnaður	Áætlun 2024	Frávik	Nettó útgjöld	Áætlun 2024	Frávik	%
Borgarlögmaður	0	1	-1	177	171	6	12	29	-17	188	199	-11	-5,6%
Innri endurskoðun og ráðgjöf	60	56	4	207	236	-29	67	57	9	214	237	-23	-9,8%
Mannréttindaskrifstofa	8	4	5	275	291	-15	35	80	-46	302	367	-66	-17,9%
Skrifst.borgarstjóra og borgarritara	104	88	16	526	548	-22	353	328	25	776	788	-12	-1,6%
Skrifstofa borgarstjórnar	0	0	0	733	745	-12	83	121	-38	816	866	-50	-5,8%
Samtals	172	149	24	1.918	1.991	-73	550	616	-66	2.296	2.458	-162	-6,6%

Borgarlögmaður var 11 m.kr. innan fjárheimilda. **Innri endurskoðun og ráðgjöf** var 23 m.kr. innan fjárheimilda. **Mannréttindaskrifstofa** var 66 m.kr. innan fjárheimilda vegna seinkun og frestun verkefna. **Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara** var 12 m.kr. innan fjárheimilda. **Skrifstofa borgarstjórnar** var 50 m.kr. innan fjárheimilda sem skýrist að mestu af því að annar rekstrarkostnaður var mun lægri en áætlað var.

1.6 Sameiginlegur kostnaður



Rekstur ÖNN (m.kr.)	Raun 2024	Áætlun 2024	Frávik	%
Tekjur	215	150	65	43,13%
Laun og launat. gj.	912	4.084	-3.172	-77,7%
Breyting lífeyriskb.	-847	2.100	-2.947	-140,3%
Annar rekstark.	4.612	4.997	-386	-7,7%
Nettó útgjöld	4.462	11.031	-6.569	-59,6%

Tekjur voru 65 m.kr. undir áætlun.

Laun hjá sameiginlegum kostnaði voru 3.172 m.kr. innan fjárheimilda sem skýrist af stærstum hluta af fjárheimildum á ófyrirséð sem eru ætlaðar nýju leikskólalíkani en þær námu 1.673 m.kr.

Annar kostnaður nam 4.612 m.kr. hjá sameiginlegum kostnaði sem var 386 m.kr. innan fjárheimilda. Styrkir og ýmis framlög voru 198 m.kr. innan fjárheimilda. Annar kostnaður vegna atvinnumála var 2 m.kr. innan fjárheimilda. Innheimtukostnaður skatttekna var 31 m.kr. innan fjárheimilda. Starfsmannakostnaður var 572 m.kr. innan fjárheimilda. Kosningar voru 113 m.kr. umfram fjárheimildir. Ýmis kostnaður var 307 m.kr. umfram fjárheimilda.



Gjaldfærsla lífeyriskuldbindinga⁴ var 2.947 m.kr. undir áætlun. Frávikid skýrist einkum af því að breyting lífeyriskuldbindinga hjá Lífeyrissjóði Brúar R-deild (áður LsRb)⁵ var 3,2 ma.kr. undir áætlun sem einkum má rekja til góðrar ávöxtunar á árinu og minni hækkunar á vísitölu lífeyriskuldbindinga opinberra starfsmanna (vísitala LOS) en áætlað var. Á móti voru metin áhrif áhrifa nýrra kjarasamninga í lok árs sem ekki koma fram í tryggingafræðilegu mati á árinu 2024⁶ og gjaldfærð varúðarfærsla vegna þeirra sem nam 1,2 ma.kr. Í ár er því ekki um gjaldfærslu vegna R-deildar að ræða heldur 1,1 ma.kr. tekjufærslu.

Meðal lífeyriskuldbindinga er lífeyriskuldbinding við Lífeyrissjóðinn Brú A-deild vegna starfsmanna sem höfðu náð 60 ára aldri eða höfðu hafið töku lífeyris í júní 2017. Þar sem tryggingafræðileg staða A-deildar var utan vikmarka árið 2023 kemur til gjaldfærslu sem nam 209 m.kr. árið 2024.

Einnig er gjaldfærsla vegna Lífeyrissjóðsins Brúar A-deildar vegna starfsmanna sem voru yngri en 60 ára og höfðu ekki hafið töku lífeyris í júní 2017. Árleg gjaldfærsla þessa liðar er 385 m.kr. og mun haldast óbreytt milli ára. Gjaldfærslan færð meðal launa og launatengdra gjalda í rekstarreikningi.

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu á sameiginlegum kostnaði fyrir árið 2024 í samanburði við fjárheimildir ársins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávikum frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Nettó útgjöld voru 4.462 m.kr. Sem var 6.569 m.kr. innan fjárheimilda ársins, en áætlun gerði ráð fyrir 11.031 m.kr.



⁴ Nánari skýringar á lífeyriskuldbindingum má finna í viðauka 5 í skýrslu fjármála og áhættustýringarsviðs með ársreikningi Reykjavíkurborgar 2024


⁵ Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar (LsRb) sameinaðist Lífeyrissjóðinum Brú í ársbyrjun 2024 og myndar R-deild Brúar.

⁶ Tryggingafræðilegt mat á lífeyriskuldbindingu R-deildar miðast við vísitölu LOS frá 1. desember 2023 til 30. nóvember 2024

Málaflokkar hjá sameiginlegum kostnaði

Málaflokkar ÖNN (m.kr.)	Tekjur	Áætlun 2024	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2024	Frávik	Annar kosnaður	Áætlun 2024	Frávik	Nettó útgjöld	Áætlun 2024	Frávik	%
Styrkir og ýmis framlög	0	0	0	0	0	0	710	908	-198	710	908	-198	-21,8%
Atvinnumál	1	0	1	43	103	-59	13	15	-2	56	118	-62	-52,8%
Rekstur miðlægra tölvukerfa	0	0	0		0	0	184	188	-3	184	188	-3	-1,6%
Innheimtukostnaður skattækna	0	0	0	0	0	0	1.068	1.099	-31	1.068	1.099	-31	-2,8%
Starfsmannakostnaður	0	0	0	274	503	-228	224	796	-572	498	1.299	-800	-61,6%
Kosningar	213	150	63	185	75	110	188	75	113	160	0	160	N/A
Ýmis kostnaður	1	0	1	24	2.838	-2.814	2.224	1.917	307	2.247	4.755	-2.507	-52,7%
Gjaldfærsla vegna Brúar Isj.			0	385	565	-180	0	0	0	385	565	-180	-31,8%
Gjaldfærsla vegna Brúar Isj. A-deildar 60+				209	0	209	0	0	0	209	0	209	N/A
Breyting á lífeyrisskuldbindingu Brúar R-deildar (LsRb)			0	-1.056	2.100	-3.156	0	0	0	-1.056	2.100	-3.156	-150,3%
Samtals	215	150	65	65	6.184	-6.119	4.612	4.997	-386	4.462	11.031	-6.569	-59,6%

1.7 Fjármála- og áhættustýringarsvið



Rekstur FAS (m.kr.)	Raun 2024	Áætlun 2024	Frávik	%
Tekjur	55	58	-2	-4,2%
Laun og launat. gj.	930	1.014	-83	-8,2%
Annar rekstrark.	237	223	14	6,5%
Nettó útgjöld	1.112	1.179	-67	-5,7%

Tekjur voru 55 m.kr. eða 2 m.kr. undir áætlun.

Laun og launatengd gjöld voru 930 m.kr. eða 83 m.kr. innan fjárheimilda.


Annar rekstrarkostnaður var 237 m.kr. sem var 14 m.kr. umfram fjárheimildir.

Frávik í launum og öðrum rekstrarkostnaði fjármála- og áhættustýringarsviðs má að stórum hluta rekja til yfirstandandi skipulagsbreytinga og þess að ráðningar voru seinni en gert var ráð fyrir.

Í neðangreindri töflu er framsetningu fylgt í samþykktri fjárhagsáætlun sviðsins og sýndar fjárhæðir fyrir niðurstöðu ársins, upprunalega áætlun, endurskoðaða áætlun og gerður samanburður á niðurstöðum ársins 2023.

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri hjá fjármála- og áhættustýringarsviði fyrir árið 2024 í samanburði við fjárheimildir ársins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávikum frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Nettó útgjöld voru 1.112 m.kr. eða 67 m.kr. innan fjárheimilda.




Samanburðartölur milli ára eru samkvæmt nýju skipulagi sem tók gildi 1. janúar 2024 en þá fluttist launaskrifstofa yfir til MOS.

